

Ed.

806. Nefndarálit

[260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og farið yfir einstakar greinar þess og athugasemdir þær sem frumvarpinu fylgja. Þá hefur dr. Páll Sigurðsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sent nefndinni athugasemdir sínar varðandi frumvarpið. Enn fremur kvaddi nefndin þá Björn Líndal, deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu, og Þorgeir Örlygsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, annan höfunda frumvarpsins, á sinn fund.

Meginefni frumvarpsins felur í sér tillögu um lögleiðingu almennrar víðtækrar ógildingarreglu í III. kafla samningalaganna, nr. 7/1936, og að ákvæði 7. gr. laga nr. 58/1960 verði flutt í III. kafla samningalaganna. Aðrar þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og óhjákvæmilegar afleiðingar af lögleiðingu hins nýja ógildingarákvæðis. Er grein gerð fyrir því í athugasemdum með frumvarpinu.

Nefndin varð sammála um að mæla með lögfestingu frumvarpsins. Bendir nefndin á í því sambandi að þrátt fyrir lögfestingu hinnar nýju reglu frumvarpsins yrði það áfram grundvallarregla í íslenskum rétti að gerða samninga beri að efna. Hin nýja ógildingarregla er í eðli sínu, eins og allar aðrar ógildingarreglur, undantekningarregla, sem skýra ber þröngt. Hún er hugsuð til öryggis og notkunar í undantekningartilvikum til þess að forðast það m. a. að menn verði fyrir réttarspjöllum vegna breyttra aðstæðna sem til koma eftir gerð samnings.

Nefndin varð sammála um að gera eina breytingartillögu við 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins og er sú tillaga á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Með nefndaráli þessu fylgir yfirlit um ógildingarreglur í íslenskum rétti og yfirlit um fjölda dóma þar sem ógildingarákvæði einstakra laga koma við sögu sem Þorgeir Örlygsson hefur tekið saman og lagði fram á fundi nefndarinnar.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur áli þessu.

Alþingi, 9. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Ragnar Arnalds.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal I.

ÓGILDINGARREGLUR Í ÍSLENSKUM RÉTTI

I. Reglur III. kafla laga nr. 7/1936.

1. 28. og 29. gr. Nauðung.
2. 30. gr. Svik.
3. 31. gr. Misritun — mistök.
4. 32. gr. Almennur óheiðarleiki.
5. 33. gr. Málamyndalöggerningar.
6. 35. gr. Févítisákvæði.
7. 36. gr. Missir endurheimturéttar v. riftunar.
8. 37. gr. Skerðing á atvinnufrelsi.

Skilyrði ógildingar:

1. Löggerningsmóttakandinn grandsamur (huglæg krafa).
2. Tímamarkið: Á þeirri stundu er löggerningur kom til vitundar honum (tímaskilyrði).

II. Ógildingarreglur einstakra sérlaga.

1. Lög nr. 75/1917, 2. mgr. 2. gr. (verslunarlóðir).
2. Lög nr. 39/1922, 5. og 6. gr. (lausafjárkaup).
3. Lög nr. 20/1954, 34. gr. (vátryggingasamningar).
4. Lög nr. 73/1972, 29. gr. (höfundasamningar).
5. Lög nr. 44/1979, 11. gr. (húsaleigusamningar).
6. Lög nr. 34/1985, 167. gr. (siglingalög, björgunarsamningar).
7. Lög nr. 60/1972, 51. og 54. gr. (sifjalög).

Einkenni þessara reglna:

1. Ekki gerð huglæg krafa.
2. Ekki tímaskilyrði.
3. Heimild til ógildingar af sanngirnisástæðum.

III. Aðrar heimildir.

1. Óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur.
2. Venjureglur um túlkun og fyllingu samninga.

Fylgiskjal II.

Lagaákvæði	Heildar- fjöldi mála skv. ákvæðinu	Krafa tekin til greina	Kröfu um ógild- ingu hafnað	Önnur efnisleg niður- staða	Ógild- ing skv. annarri heimild	Frá- vísun eða ómerk- ing
1) 32. gr. l. nr. 7/1936	42	5	15	9	7	6
2) 35. gr. l. nr. 7/1936	5	2	1	2	0	0
3) 36. gr. l. nr. 7/1936	2	0	1	0	0	1
4) 37. gr. l. nr. 7/1936	1	1	0	0	0	0
5) 7. gr. okurl. 58/1960	30	2	13	10	3	2
6) 34. gr. váttrsm. 20/1954	3	1	2	0	0	0
7) 11. gr. l. nr. 44/1979	0	0	0	0	0	0
13. gr. l. nr. 39/1943	1	1				
8) 29. gr. l. nr. 73/1972	0	0	0	0	0	0
9) 36. gr. l. nr. 36/1961 og eldri ábúðarlög	4	1	0	2	1	0
10) 2. gr. l. nr. 75/1917	9	4	0	4	0	1
11) 5. gr. l. nr. 39/1922	16	2	10	3	0	1
12) 6. gr. l. nr. 39/1922	3	0	3	0	0	0
13) 51. og 54. gr. l. nr. 60/1972	6	0	2	1	1	2
14) Brostnar forsendur	22	5	12	4	1	0